



## GRÆNA ORKAN

### Stjórnarfundur Grænu orkunnar 2.11.2021

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **8:45-10:15**. Fundinn sátu Ágústa Loftsdóttir, Benedikt Stefánsson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Íris Hannah Atladóttir, og María Jóna Magnúsdóttir. Anna Margrét Kornelíusdóttir ritaði fundinn.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar  
Engar athugasemdir bárust og fundargerð telst því samþykkt.
2. Málefnavinna starfsársins 2021-2022  
Hópar málefnavinnu
  - Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta (GVS)  
GVS mun koma á fundi með Grænvangi og Loftslagsráði í lok nóvember eða byrjun desember.  
Nú er áratugur frá stofnun GO og því áhugavert skoða stöðuna og það sem hefur áunnist. Ísland er í 2. sæti í heiminum í orkuskiptahraða og náði markmiði sínu 2020 um 10% hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum. (ESG)
  - Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun (ÁSL)  
Orkuskiptaáætlun bíður nýrrar ríkisstjórnar. (ESG) Athuga má grundvöll fyrir því að vinna tillögur í samstarfi við Grænvang.
  - Gerð eldsneytisvegvísis (BS, ÁP)  
Formleg útgáfa og kynning vetnisvegvísis bíður nýrrar ríkisstjórnar. (ESG)
3. Viðburðir 2021-2022
  - Kynning á niðurstöðum könnunar Íslenskrar Nýorku meðal rafbílaeigenda á notkun hleðsluinnviða – **fimmtudaginn 11. nóvember 13:30**
  - Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021 – í biðstöðu
  - Raforkuspá og eldsneytisspá – til greina kemur að fá kynningu fyrir stjórn GO en einnig að fylgjast með opinberri kynningu á vegum OS. AMK mun fylgja eftir.
  - Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum (vor 2022)
  - Fjármögnun eldsneytisverkefna með Rannís? BS mun fylgja þessu eftir og útbúa ramma fyrir viðburð.
4. Önnur mál
  - a) Niðurstöður kosningar um nýtt enskt heiti Grænu orkunnar

Þetta var rætt á síðasta fundi, en þar kom fram að tillagan sem kosin var var *Green Energy Partnership*. AMK mun hafa samband við höfund merkisins og óska eftir nýrri útgáfu á ensku.

- b) Á síðasta stjórnarfundum GO var óskað eftir samstarfi við Grænu orkuna um eina aðgerð í vegvísi Byggjum Grænni Framtíð: *Stuðla að virku samtali meðal opinberra verkkaupa, veitufyrirtækja, sveitarfélaga og byggingaraðila um hvernig hægt sé að tryggja að vatn og rafmagn fyrir vistvænar vinnuvélar og vinnubúðir séu til staðar á framkvæmdasvæðum frá upphafi framkvæmda.*  
AMK mun fylgja þessu máli eftir við Grænni byggð.